



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 16. desember, 2014

Ákvörðun nr. 37/2014

Samruni ÍSAM ehf., Fastusar ehf. og Aðalkots ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 23. október sl. með tilkynningu um kaup ÍSAM ehf. (hér eftir ÍSAM) á öllu hlutafé í Fastusi ehf. (hér eftir Fastus) og Aðalkoti ehf. (hér eftir Aðalkot). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Í samrunaskránni kemur fram að ÍSAM kaupi allt hlutafé í Fastusi og Aðalkoti en hluthafar félaganna eru þeir sömu. Er um að ræða samruna samkvæmt b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, þ.e.a.s. að ÍSAM yfirtekur Fastus og Aðalkot, gangi samruninn eftir. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a laganna. Með bréfi dags. 29. október sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi..

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað ýmissa gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum. Þá hefur eftirlitið einnig haft samskipti við aðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunaskrá segir að ÍSAM sé framleiðslu- og innflutningsfyrirtæki, sem stofnað hafi verið árið 1964. Segir að starfsemi félagsins felist í innflutningi og rekstri heildverslunar með matvörur, golfvörur, hjúkrunarvörur og tóbak. Hluti af samstæðu félagsins eru einnig matvælaframleiðslufyrirtæki, s.s. ORA, Frón, Kexsmiðjan og Myllan. Velta fyrirtækisins fyrir sl. rekstrarár nam rúmlega [...] ¹ og er félagið ein af stærstu heildverslunum landsins.

¹ Fellt út vegna trúnaðar



ÍSAM er hluti af fyrirtækjasamstæðunni Fram ehf. sem er í eigu Guðbjargar Magneu Matthíasdóttur. Samstæðan er umsvifamikill aðili í íslensku atvinnulífi og er meðal annars aðaleigandi Ísfélags Vestmannaeyja hf., Kvosar ehf. og Dala Rafns ehf. Jafnframt er stór hlutur í rekstrarfélagi Morgunblaðsins hluti af eignum samstæðunnar.

Í samrunaskrá segir að Fastus sé þjónustufyrirtæki sem stofnað hafi verið árið 2006. Starfsemi fyrirtækisins skiptist í annars vegar heilbrigðisvið og hins vegar fyrirtækjasvið. Starfsemi heilbrigðisviðs lýtur að sölu á tækjum, búnaði og rekstrarvörum til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Fyrirtækjasviðið sinnir þjónustu við ýmsan iðnað, s.s. stóreldhús, mótuneyti, veitingahús, hótél, þvottahús og matvælafyrirtæki. Samhliða þessum tveimur sviðum rekur félagið einnig tækni- og þjónustusvið sem sinnir viðgerða- og varahlutapjónustu auk viðhalds á þeim vörum sem félagið býður uppá. Um Aðalkot segir að engin starfsemi sé í því félagi en félagið hafi áður séð um rekstur á fasteign Fastusar.

III.

Niðurstaða

Samrunaaðilar stunda báðir innflutning og rekstur heildverslunar, starfsemi ÍSAM felst aðallega í innflutningi á daglegum neysluvörum sem einkum eru seldar til dagvöruverslana, veitingahúsa og hótela. Samhliða þessu er félagið umfangsmikill matvælaframleiðandi í gegnum fyrrgreind dótturfyrirtæki sín. Starfssemi Fastusar er hins vegar á sviðum sem eru ólík þeim sem ÍSAM starfar á. Einungis er um að ræða samþjöppun á afmörkuðu sviði í starfssemi félaganna, þ.e. í innflutningi, sölu og dreifingu á hjúkrunarvörum. Þó verður að mati Samkeppniseftirlitsins aðeins um að ræða óverulega samþjöppun á þeim markaði. Önnur fyrirtæki í fyrirtækjasamstæðu Fram stunda ekki starfssemi á þeim markaði eða tengdum mörkuðum.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2012 *Samruni Veritas Capital hf., Fastusar ehf. og Aðalkots ehf.* er ítarleg umfjöllun um markað fyrir sölu á hjúkrunarvörum og tengda markaði. Í ákvörðuninni kemur m.a. fram að starfsemi beggja samrunaaðila taki einungis til afmarkaðra vöruflokka og sameiginleg markaðhlutdeild þeirra er í öllum tilfellum undir 25%. Eftirlitið telur að í meginatriðum hafi þessi starfssemi samrunaaðila ekki breyst frá birtingu ákvörðunarinnar og því sé rétt að hafa ályktanir hennar til hliðsjónar.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að undangenginni rannsókn, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruni ÍSAM, Fastusar og Aðalkots hindri virka samkeppni. Samruninn leiðir til óverulegrar samþjöppunar á markaði fyrir innflutning, sölu og dreifingu á tilteknum vöruflokkum heilbrigðisvara. Að öllu framangreindu virtu, þ.m.t. sjónarmiðum ótengdra aðila sem starfa á sömu mörkuðum og samrunaaðilar, er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.



Ákvörðunarorð:
„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna ÍSAM ehf., Fastusar ehf. og Aðalkots ehf. “

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson